



Reykjavíkurborg 4. júní 2020.

Efni: ***Drög að umsögn um tillögur starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi.***

Ofbeldisvarnarnefnd tekur undir tillögur starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi. dags. 26. maí 2020.

Nefndin leggur áherslu á að öryggi barna og ungmenna sé tryggt í leikskóla, grunnskóla- og frístundastarfi. Samkvæmt tillögunum virðist hægt sé að bæta það til muna án mikils tilkostnaðar með breyttu verklagi, fræðslu, auðkenningu starfsfólks og merkingu bygginga. Ofbeldisvarnarnefnd telur að ganga eigi til þessa verks strax og að starfsfólk á skrifstofu Skóla- og frístundasviðs verði falið að bera ábyrgð á því að fylgja tillögunum eftir.

Lagt verði mat á það hvaða starfsstaðir þurfa á öryggismyndavélum að halda. Ljóst er að staðsetning skiptir máli því þeir sem eru í alfaraleið t.d. í miðborg verða frekar fyrir því að inn í þá fari þeir sem geta ógnað öryggi barna og ungmenna. Þrátt fyrir að það sé kostur að slík vöktun komi í veg fyrir þjófnaði og skemmdarverk þá á markmiðið alltaf að vera öryggi barna og ungmenna og útfærslan þarf að taka mið af því.